

Ed.

701. Nefndarálit

[18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum.

Frá meiri hl. kosningalaganefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallað til viðræðu Þorkel Helgason prófessor.

Sökum þess að nú er liðið á þingtímann og tími nefndarinnar til starfa var stuttur beindist starf hennar einkum að þeim atriðum sem varða framkvæmd kosninga þann 25. apríl n.k. Nauðsynlegt reynist að breyta ákvæðum um kærufresti og fresti varðandi auglýsingu listabókstafa. Breytingartillögur um þessi atriði eru flutt á sérstöku þingskjali.

Þá flytur nefndin eina breytingartillögu við úthlutunarákvæðin. Er það vegna ábendinga frá Þorkeli Helgasyni um að orðalag þyrfti að vera skýrara hvað varðar lok fyrsta áfanga jöfnunarúthlutunar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hún flytur tillögur um.

Alþingi, 26. febr. 1987.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
form.

Ragnar Arnalds,
fundaskr.

Jón Kristjánsson,
frsm.

Salome Þorkelsdóttir.

Stefán Benediktsson.

Valdimar Indriðason.